

Athöfn þegar nýja Biblíuútgáfan er afhent í söfnuði

Athöfnin kemur í stað forspils og upphafsþænar. Sunginn er sálmurinn nr. 295 meðan gengið er inn í prósessíu. Fermingarbarn ber hina nýju Biblíu. Vel fer á að fyrir prósessíunni sé borinn kross og tvö ljós. Prestur gengur síðastur.

295 *Sjá einniq 329*

Helgi Hálfðánarson

Íslenskt lag / 1840

1 Hún er mér kær, sú bless - uð bók, sem
boð - ar mér það líkn - ar - ráð, að sjálf - ur Guð að
sér oss tók hin sek - u börm með föð - ur - náð.

1. Hún er mér kær, sú blessuð bók,
sem boðar mér það líknarráð,
að sjálfur Guð að sér oss tók
hin seku börn með föðurnáð.

2. Ég heyri þaðan hljóma blítt
af himni rödd, er segir mér:
Guð vill, að sérhvað verði nýtt,
sem veikt af syndaspilling er.

3. Ég horfi þar á helga mynd
míns hjartakæra lausnarans,
er leysti mig frá sekt og synd
og sælu bjó mér himnaranns.

4. Ég sé þar dýrsta sigurgjöf,
ég sé þar friðarmerki reist,
ég sé þar bjargi svipt af gröf,
ég sé þar heljar böndin leyst.

5. Sér ljóss og ráða leitar þar
í lífsins vanda sál mín hrædd,
og sér þar aflar svölunar,
er sárt hún stynur þyrst og mædd.

6. Þú, heilög ritning, huggar mig,
mér heilög orðin lýsa þín.
Sé Guði lof, sem gaf mér þig,
þú gersemin hin dýrsta mín.

Helgi Hálfðánarson

Þátttakendur taka sér stöðu framan við gráðurnar.

Prestur snýr sér að söfnuði og segir:

Í dag veitum við viðtöku hinni nýju útgáfu Biblíunnar með þökk og bæn: Í þökk til Guðs sem hefur látið orð sitt búa meðal vor og lýsa landi og lýð í þúsund ár, í þökk fyrir þau sem með elju og dugnaði sáu til þess að Orð Guðs væri ætíð til á íslenskri tungu, í bæn um að þessi nýja útgáfa mætti verða til blessunar.

Prestur, og aðrir þátttakendur í prósessiunni snúa sér að altari

Víxllestur

Prestur: Í nafni Guðs, föður og sonar og heilags anda.

Svar: Amen.

Prestur: Orð þitt, Drottinn, varir að eilífu.

Svar: Frá kyni til kyns varir trúfesti þín.

Prestur: Þitt orð er lampi fóta minna.

Svar: Og ljós á vegum mínum. (Sálm 119)

Bæn

Prestur: Drottinn, Guð vor, vér þökkum þér að þú hefur látið orð þitt lýsa þjóð vorri frá upphafi veru hennar í landinu, og að málfar Heilagrar ritningar hefur mótað tungutak vort og hugsun frá öndverðu. Lofaður sért þú fyrir þau sem sáu til þess að Orð þitt væri ætíð til á íslenskri tungu. Blessa hina nýju útgáfu Biblíunnar. Lát helgan anda þinn auka oss skilning orða þinna og vekja hjá oss trúna á fyrirheit þín svo að líf vort allt verði þér til dýrðar og oss til blessunar um tíma og eilífð. Vér biðjum í nafni Sonar þíns Jesú Krists, þíns holdiklædda Orðs, sem með þér lifir og ríkir í einingu Heilags anda, einn sannur Guð um aldir alda.

Svar: Amen.

Þá snýr presturinn sér að söfnuði og les úr hinni nýju Biblíu Jóh 1.1-18.

Þá er sunginn sálmurinn nr. 299 eða 300, presturinn gengur fyrir altari en þátttakendur í prósessiu ganga til sætis. Að sálminum loknum hefst messan með því að sungin er miskunnarbæn.